

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 456/2005/EB

2008/EES/35/31

frá 9. mars 2005

## um áætlun Bandalagsins til margra ára um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

- 2) Enn er mikill vöxtur í notkun Netsins í Bandalaginu. Nýta skal tækifærin sem Netið býður upp á til þess að gera öllum einstaklingum og fyrirtækjum í Bandalaginu kleift að njóta félagslegs og fjárhagslegs ávinnings af því að samnýta upplýsingar og þekkingu. Evrópulönd eru nú undir það búin að nýta sér möguleika stafræns efnis.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

- 3) Í niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins, sem haldinn var í Lissabon 23. og 24. mars 2000, var lögð áhersla á að þegar skipt yrði yfir í stafrænt hagkerfi, sem grundvallast á þekkingu og knúði er áfram af nýjum vörum og þjónustu, muni hagvöxtur og samkeppnishæfni aukast og ný störf skapast. Við þetta tækifæri var einkum viðurkennt hlutverk efnisíðnaðarins við að skapa ávinning með því að hagnýta kerfisbundið menningarlega fjölbreytni í Evrópu.

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-bandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

- 4) Í aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, þar sem Lissabon-áætlunin er útfærð enn frekar, er hvatt til þess að gripað verði til aðgerða til að stuðla að þróun á öruggari þjónustu, hugbúnaði og efni á breiðbands-netkerfi og skapa þannig hagstætt umhverfi fyrir einkafjárfestingar, fjölgun nýrra starfa, aukinnar framleiðni, nútímavæðingu opinberrar þjónustu til að gefa öllum kost á að taka þátt í hinu alþjóðlega upplýsingasamfélagi.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þróun upplýsingasamfélagsins og tilkoma breiðbandsins mun hafa áhrif á líf allra borgara í Evrópusambandinu, m.a. með því að greiða fyrir aðgangi að þekkingu og nýjum aðferðum til að öðlast þekkingu og auka þar með eftirspurn eftir nýju efni, hugbúnaði og þjónustu.

- 5) Eftirspurn hefur greinilega aukist í Evrópu eftir gæðafni á stafrænu formi, með jafnvægum aðgangi og notandarétti og kemur hún frá breiðum hópi fólks, hvort sem um er að ræða almenna borgara, háskólanema, rannsóknarmenn, lítill og meðalstór fyrirtæki og aðra notendur fyrirtækja eða fólk með sérþarfir sem vill auka við þekkingu sína, eða „endurnotendur“ sem vilja endurnýta stafrænt efni til að skapa þjónustu.
- 6) Hagsmunaaðilar stafræns efnis eru þeir sem bjóða upp á efni (þ.m.t. opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki og stofnanir sem framleiða, safna eða eiga stafrænt efni) og þeir sem nýta sér efnið (þ.m.t. notendur í samtökum og fyrirtækjum sem endurnýta og/eða endurbæta stafrænt efni. Einkum ber að huga að þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 33.

<sup>(1)</sup> Stjútö. ESB C 117, 30.4.2004, bls. 49.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. september 2004 (Stjútö. ESB C 25 E, 1.2.2005, bls. 19) og afstaða Evrópuráðsins frá 27. janúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2005.

- 7) Í áætluninni um rafrænt efni (2001-2004), sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 2001/48/EB <sup>(1)</sup>, var hvatt til þróunar og notkunar á evrópsku, stafrænu efni á Netinu og fjölbreytni tungumála á evrópskum vefsetrum í upplýsingasamfélaginu. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 10. október 2003 um mat á áætluninni um rafrænt efni, um miðbik áætlunarinnar, staðfestir mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða á þessu sviði.
- 8) Tækniframfarir bjóða upp á möguleika á að auka gæði efnis í formi innbyggðrar þekkingar og bæta rekstrarsamhæfi sem er undirstöðuatriði til þess að hafa aðgang að, nota og dreifa stafrænu efni. Þetta skiptir einkum máli fyrir svið tengd hagsmunum almennings, sem þessi áætlun beinist að.
- 9) Þróun áreiðanlegra viðskiptalíkana mun stuðla að samfelldni verkefna, sem komið er á fót innan þessarar áætlunar, og mun þannig bæta skilyrði til frekari efnahagslegs ávinnings af þjónustu sem byggist á aðgangi að og endurnotkun á stafrænu efni.
- 10) Skilgreindur hefur verið lagarammi til að taka á vafaatriðum sem upp koma varðandi stafrænt efni í upplýsingasamfélaginu <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>.
- 11) Ólíkar aðferðir innan aðildarríkjanna skapa enn tæknilegar hindranir sem hamla greiðum aðgangi að, notum af, endurnotkun og nýtingu opinberra upplýsinga innan Bandalagsins.
- 12) Þegar stafrænt efni inniheldur persónulegar upplýsingar ber að uppfylla ákvæði tilskipana 95/46/EB <sup>(5)</sup> og 2002/58/EB <sup>(6)</sup> og sú tækni sem notuð er skal virða og, ef unnt er, auka friðhelgi einkalífsins.
- 13) Aðgerðir Bandalagsins varðandi innihald upplýsinga ættu að stuðla að sérstöðu á sviði fjöltyngis og fjölmenningar innan Bandalagsins.
- 14) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(7)</sup>.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal tryggja samkvæmni og samvirkni í sams konar framtaksverkefnum og áætlunum Bandalagsins, einkum þeim sem tengjast menntun og menningu og innan ramma evrópsks rekstrarsamhæfis.
- 16) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(8)</sup>.
- 17) Bandalaginu er heimilt, í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, að samþykkja ráðstafanir þar eð aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel fram markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að auðvelda aðgang að rafrænu efni í Evrópu, gera það nothæfara og hagnýtara, þar sem viðfangsefnin, sem um er að ræða, eru fjölþjóðleg og því verður þeim, vegna áhrifa þeirra innan Evrópu allrar, betur náð fram á vettvangi Bandalagsins. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrrgreindri grein.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

### Markmið áætlunarinnar

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun Bandalagsins fyrir tímabilið 2005-2008 um að gera stafrænt efni í Evrópu aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara, og auðvelda þar með framleiðslu og dreifingu upplýsinga innan Bandalagsins.

Áætlunin skal nefnast „framhaldsáætlun um rafrænt efni“ („eContentplus“) (hér á eftir nefnd áætlunin).

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 14, 18.1.2001, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtuð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinnna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu, (Stjtuð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtuð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31). Tilskipunin eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtuð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(8)</sup> Stjtuð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samkomulagið eins og því var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtuð. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

2. Til að ná heildarmarkmiðum áætlunarinnar skal athyglinni beint að eftirfarandi aðgerðarlínunum:

- a) auðvelda aðgang að, notkun og hagnýtingu á stafrænu efni innan Bandalagsins,
- b) stuðla að auknum gæðum og hvetja til bestu starfsvenja í tengslum við stafrænt efni milli gagnaveitna og notenda innan allra starfsgreina,
- c) efla samvinnu hagsmunaaðila stafræns efnis og auka vitundarvakningu í þeirra hópi.

Þær framkvæmdir, sem ráðast á í samkvæmt þessum aðgerðarlínunum, beinast að upplýsingum frá hinu opinbera, svæðisgögnum og efni á sviði menntunar, menningar og vísinda eins og fram kemur í II. viðauka.

2. gr.

### Þátttaka

1. Lögaðilum með staðfestu í aðildarríkjunum er frjálst að taka þátt í áætluninni. Lögaðilum með staðfestu í umsóknalöndunum skal einnig frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við tvíhliða samninga sem gerðir hafa verið við þessi lönd eða sem fyrir liggur að gera.

2. Lögaðilum með staðfestu í EFTA-ríkjunum, sem eru aðilar að EES-samningnum, er frjálst að taka þátt í áætluninni í samræmi við ákvæði í þeim samningi.

3. Heimila má lögaðilum með staðfestu í þriðju löndum og alþjóðasamtökum þátttöku í áætluninni án fjárhagslegs stuðnings frá Bandalaginu ef slík þátttaka er þarft framlag til framkvæmdar áætluninni.

Samþykkja skal ákvörðun um að leyfa slíka þátttöku í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

3. gr.

### Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja vinnuáætlun á grundvelli þessarar ákvörðunar.

3. Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, tryggja að hún sé í almennu samræmi við og komi til fyllingar öðrum viðkomandi stefnum, áætlunum og aðgerðum Bandalagsins sem hafa áhrif á þróun evrópsks, stafræns efnis og eflingu fjölbreytni tungumála í upplýsingasamfélaginu, einkum rannsókn- og tækniþróunar-áætlanir Bandalagsins, gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA), áætlun um samevrópskt fjarskiptanet (eTEN), áætlun um aðgengi allra að rafrænu samfélagi (eInclusion), áætlun um rafrænt nám (eLearning), yfirumsjón með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu (Modinis) og öruggara Net.

4. Framkvæmdastjórnin skal bregðast við, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr., með tilliti til eftirfarandi:

- a) samþykkis og breytinga á vinnuáætluninni,
- b) ákvörðunar viðmiðana fyrir og innihalds beiðna um tillögur í samræmi við markmiðin sem er lýst í 1. gr.,
- c) mats á verkefnum, sem lögð eru til samkvæmt beiðni um tillögur sem fjármagnaðar skulu af Bandalaginu, og mats á áætlaðri fjárhæð framlags Bandalagsins sem nemur 1 milljón evra eða meira,
- d) allra frávika frá reglunum sem eru settar fram í II. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina, sem um getur í 4. gr., um framvindu við framkvæmd áætlunarinnar.

4. gr.

### Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. gr.

### Eftirlit og mat

1. Til að tryggja að aðstoð Bandalagsins nýtist sem best skal framkvæmdastjórnin tryggja að aðgerðir samkvæmt þessari ákvörðun séu metnar fyrir fram á skilvirkan hátt og háðar eftirfylgd og síðara mati.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt áætluninni. Framkvæmdastjórnin skal meta hvernig verkefni hafa verið framkvæmd og áhrif framkvæmdar þeirra til þess að meta hvort upphaflegum markmiðum hefur verið náð.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en um mitt ár 2006, senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni skýrslu um framkvæmd aðgerðarlínanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin greina frá því hvernig fjárhæðin fyrir árin 2007-2008 samrýmist fjárhagsáætluninni. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir með hliðsjón af fjárlagagerð fyrir árin 2007-2008 til að tryggja að samræmi sé á milli árlegra fjárveitinga og fjárhagsáætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram endanlega matskýrslu við lok áætlunarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu niðurstöður um meginlegt og eiginlegt mat sitt ásamt viðeigandi tillögum um breytingar á þessari ákvörðun. Senda skal niðurstöðurnar áður en lögð eru fram drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins fyrir árin 2007 og 2009.

*6. gr.*

#### **Fjárhagsrammi**

1. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd aðgerða Bandalagsins samkvæmt þessari ákvörðun er 149 milljónir evra á tímabilinu

1. janúar 2005 til 31. desember 2008, þar af eru 55,6 milljónir evra fyrir tímabilið fram til 31. desember 2006.

2. Fjárhæðin skal teljast staðfest fyrir tímabilið eftir 31. desember 2006 ef hún er, að því er varðar viðkomandi áfanga, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.

3. Árlegar fjárveitingar fyrir tímabilið 2005-2008 skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar. Í III. viðauka er að finna leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.

Gjört í Strassborg 9. mars 2005.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. P. BORRELL FONTELLES

*Forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. SCHMIT

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## Aðgerðir

## I. INNGANGUR

Heildarmarkmið framhaldsáætlunar um rafrænt efni er að gera stafrænt efni aðgengilegra, nothæfara og hagnýtara, og auðvelda þar með framleiðslu og dreifingu upplýsinga á sviði almannahagsmuna innan Bandalagsins.

Með áætluninni munu skapast betri skilyrði til að fá aðgang að og hafa umsjón með stafrænu efni og þjónustu í fjöltyngdu og fjölmennarlegu umhverfi. Hún mun auka valkosti notenda og stuðla að nýjum leiðum til að hafa gagnvirk áhrif á þekkingarbætt stafrænt efni en sá þáttur verður stöðugt mikilvægari til að gera efnið virkara og sérsníðið fyrir ákveðnar aðstæður (nám, menningu, fólk með sérþarfir o.s.frv.).

Með áætluninni mun verða lagður grunnur að skipulegum ramma fyrir stafrænt gæðaeefni í Evrópu — svið stafræns efnis í Evrópu — með því að greiða fyrir miðlun reynslu og bestu starfsvenja ásamt frjóu samspili milli efnisgeira, gagnaveitenda og notenda.

Áætlunin tekur til þriggja aðgerðarlína:

- a) auðvelda aðgang að, notkun og hagnýtingu stafræns efnis innan Bandalagsins,
- b) auka gæði og hvetja til bestu starfsvenja í tengslum við stafrænt efni í samskiptum gagnaveitenda og notenda og innan allra starfsgreina,
- c) efla samstarf hagsmunaaðila stafræns efnis og einnig vitundarvakningu þeirra.

## II. AÐGERÐALÍNUR

## A. Auðvelda aðgang að, notkun og hagnýtingu á stafrænu efni innan Bandalagsins.

Sú starfsemi, sem sinna á samkvæmt þessari aðgerðarlínu, felur í sér að koma upp netkerfi og bandalögum milli hagsmunaaðila til að hvetja til framboðs á nýrri þjónustu.

Marksviðin eru upplýsingar frá hinu opinbera, svæðisgögn ásamt námsefni og menningarlegu efni.

Áhersla verður lögð á:

- a) að stuðla að víðtækari viðurkenningu á mikilvægi upplýsinga frá hinu opinbera, viðskiptalegu gildi þeirra og tengdum samfélagslegum afleiðingum sem tengjast notkun þeirra. Starfsemin skal bæta skilvirka notkun yfir landamæri og hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera milli stofnana opinbera geirans og einkafyrirtækja, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, til að auka gæði upplýsingavöru og þjónustu,
- b) hím skal hvetja til víðtækari notkunar á svæðisgögnum hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og almenna borgara, fyrir tilstilli samstarfsfyrirkomulags á vettvangi Bandalagsins. Starfsemin skal taka á tæknilegum og skipulagslegum þáttum til að koma í veg fyrir tvítekingu og vanþróuð, svæðisbundin gagnasöfn. Hún skal efla rekstrarsamhæfi milli landa og styrkja samræmingu milli kortagerðarfyrirtækja og stuðla að tilkomu nýrrar þjónustu fyrir farnotendur á evrópskum vettvangi. Hún ætti einnig að styðja notkun opinna staðla,

- c) að stuðla að fjölgun opinna, evrópskra þekkingarbrunna stafræns viðfangsefnis fyrir menntunar- og rannsóknasamfélög svo og einstaklinga. Starfsemin mun stuðla að því að komið verði á fót samevrópskri miðlunarþjónustu fyrir stafrænt námsefni með tilheyrandi viðskiptalíkönunum. Starfsemin skal einnig hvetja til notkunar opinna staðla og að myndaðir verði stórir notendahópar til að greina og prófa forstöðlunar- og forskriftarlíkön í þeim tilgangi að evrópskir fjöltyngis- og fjölmeningarþættir verði hafðir í huga við skilgreiningu alþjóðlegra staðla fyrir stafrænt námsefni,
- d) að stuðla að tilkomu samevrópsks upplýsingagrunnvirkis til að fá aðgang að og nota vönduð, evrópsk menningar- og vísindagögn og tilföng með því að samtengja sýndarbókasöfn, sameiginleg minni o.s.frv. Starfsemin skal fela í sér samræmdar aðferðir við stafvæðingu og uppbyggingu safna, varðveislu stafrænna og menningar- og vísindalegra skráa og gagna á stafrænu forni. Hún skal bæta aðgang að stafrænum, menningarlegum og vísindalegum verðmætum með því að nota skilvirk leyfisveitingakerfi og sameiginlegt fyrirframákveðið afnotaréttarkerfi.
- B. Auka gæði og hvetja til bestu starfsvenja í tengslum við stafrænt efni í samskiptum gagnaveitna og notenda, þvert á allar starfsgreinar.**
- Þeirri starfsemi, sem sinna á samkvæmt þessari aðgerðarlínu, er ætlað að auðvelda greiningu og almenna útbreiðslu á góðum starfsvenjum að því er varðar aðferðir, vinnslu og rekstur til að auka gæði, skilvirkni og árangur í framleiðslu, notkun og dreifingu stafræns efnis.
- Þessi starfsemi felur í sér tilraunir sem sýna mismunandi hliðar stafræns efnis innan gildandi lagaramma, t.d. leitarbærni, nothæfi, endurnýtingarhæfni, samtengingarhæfni og rekstrarsamhæfni stafræns efnis, en uppfylli auk þess frá upphafi ferlisins kröfur mismunandi markhópa og markaða í umhverfi sem er í auknum mæli fjöltyngt og fjölmeningarlegt enda felist starfsemin ekki einungis í staðfærslutækni.
- Í þessari starfsemi verða nýttir þeir kostir að bæta stafrænt efni með vélskiljanlegum gögnum (lýsigögnum sem eru merkingarlega vel skilgreind og byggjast á viðeigandi lýsandi íðorðaförðum, orðasöfnum og verufræði).
- Tilraunir munu vera gerðar í þemaklössum. Söfnun, miðlun og skipti á fengnum hugmyndum milli sviða er óaðskiljanlegur hluti af tilraununum.
- Marksviðin, sem aðgerðir beinast að, eru upplýsingar frá hinu opinbera, svæðisgögn, stafrænt námsefni og menningarlegt efni ásamt stafrænu vísinda- og fræðiefni.
- C. Efla samvinnu hagsmunaaðila stafræns efnis og auka vitundarvakningu í þeirra hópi**
- Sú starfsemi, sem sinna á samkvæmt þessum tilmælum, felur í sér hliðarráðstafanir við viðeigandi löggjöf um stafrænt efni og aukið samstarf milli hagsmunaaðila stafræns efnis ásamt aukinni vitundarvakningu. Þessi starfsemi skal styðja þróun tækja til viðmiðana, vöktunar og greiningar, gerð mats á áhrifum áætlunarinnar og miðlun niðurstaðna. Enn fremur verða ákvörðuð og greind nýtilkomin vandamál og tækifæri (þ.e traust, gæðamerking og hugverkaréttur á sviði menntunar) og lagðar fram tillögur til lausnar vandans eftir því sem við á.

## II. VIÐAUKI

**Leiðir til að hrinda áætluninni í framkvæmd**

1. Framkvæmdastjórnin mun hrinda áætluninni í framkvæmd í samræmi við tæknilegu atriðin sem tilgreind eru í I. viðauka.
2. Áætluninni mun verða hrint í framkvæmd með óbeinum aðgerðum sem samanstanda af:
  - a) kostnaðarskiptum aðgerðum:
    - i) Verkefni sem miða að því að auka þekkingu til að bæta núverandi vörur, vinnsluferli og/eða þjónustu og/eða uppfylla þarfir stefnumiða Bandalagsins. Stuðningur Bandalagsins mun að öllu jöfnu ekki nema meiru en 50% af kostnaði við verkefnið. Endurgreiða má opinberum stofnunum allan viðbótarkostnað að fullu.
    - ii) Aðgerðir sem byggjast á bestu starfsvenjum til að miðla þekkingu. Þær fara að öllu jöfnu fram í þemaklösum og tengjast saman með þemanetum. Framlag Bandalagsins til ráðstafana samkvæmt þessum lið mun takmarkast við beinan kostnað sem álitinn er nauðsynlegur til að ná tilteknum markmiðum þessarar aðgerðar.
    - iii) Þemanet: netkerfi sem tengir saman ýmsa hagsmunaaðila með tiltekin tækni- og skipulagsmarkmið í huga, til að auðvelda samræmingu á starfsemi og yfirfærslu þekkingar. Tengja má slík net aðgerðum bestu starfsvenja. Stuðningur verður veittur vegna styrkhæfs aukakostnaðar í tengslum við samræmingu og uppsetningu netsins. Þátttaka Bandalagsins getur staðið straum af styrkhæfum aukakostnaði í tengslum við þessar ráðstafanir;
  - b) hliðarráðstöfunum:

Hliðarráðstafanir munu stuðla að framkvæmd áætlunarinnar eða undirbúningi fyrir framtíðarstarfsemi. Ráðstafanir, sem helgaðar eru markaðssetningu vara, tækniferli eða þjónustu, markaðsstarfi og sölukynningu, eru undanskildar.

    - i) Rannsóknir til stuðnings áætluninni, auk undirbúnings fyrir framtíðarstarfsemi.
    - ii) Upplýsingaskipti, ráðstefnur, málstofur, vinnufundir eða aðrir fundir og stjórnun á klasaaðgerðum.
    - iii) Útbreiðsla ásamt upplýsinga- og samskiptaaðgerðum.
3. Val á kostnaðarskiptum aðgerðum mun byggjast á beiðnum um tillögur sem birtar eru á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við gildandi fjárhagsákvæði.
4. Með umsóknum um stuðning Bandalagsins skal, þar sem við á, leggja fram fjárhagsáætlun þar sem allir fjármögnunarliðir verkefnanna eru tilgreindir, m.a. á fjárstuðningur sem óskað var eftir frá Bandalaginu, sem og allar aðrar beiðnir um stuðning eða styrkir úr öðrum áttum.
5. Hliðarráðstöfunum mun verða hrint í framkvæmd með útboðum í samræmi við gildandi fjárhagsákvæði.

*III. VIÐAUKI***Leiðbeinandi sundurliðun á kostnaði**

- |    |  |               |
|----|--|---------------|
| 1. | Auðvelda aðgang, notkun og hagnýtingu stafræns efnis innan Bandalagsins.   | 40 til<br>50% |
| 2. | Auka gæði og hvetja til bestu starfsvenja í tengslum við stafrænt efni í samskiptum þeirra sem bjóða fram efni og notenda, og innan allra geira. | 45 til<br>55% |
| 3. | Efla samvinnu hagsmunaaðila stafræns efnis og efla vitundarvakningu í þeirra hópi.   | 8 til 12%     |
-